

Kennslumat í fjarnámi á haustönn 2024

Þátttaka nemenda í kennslumati fjarnáms var með svipuðu móti og á vorönn 2024. 231 af 1321 fjarnema (17,5%) tóku þátt í könnuninni á móti 18,5% um vorið. Þátttakan er ljöfn sé miðað við skráningar í fjarnám en svörin voru alls 371 af 2575 skráningum (14%) sem er sama hlutfall og vorið 2024.

Engu að síður er þátttakan mun betri en árið 2023 þegar 6,5% fjarnema tóku þátt um vorið en 8,0% að haustið. Það verður verðugt viðfangsefni að reyna að hækka þátttökuhlutfallið árið 2025.

Kennslumat fjarnáms var opið frá 18. nóvember og út önnina. Könnunin opin öllum nemendum í öllum áföngunum 88 í gegnum Microsoft Forms. Viðmiðunardagsetning nemendatalningar er 11. nóvember. Nemendur gátu svarað könnuninni eins oft og þeir vildu en einungis var tekið tillit til síðasta svars hvers og eins þegar niðurstöður voru skoðaðar.


Spurningarnar voru eftirfarandi

1. Áfanginn er vel skipulagður
2. Námsáætlun áfangans er skýr
3. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar
4. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr
5. Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga
6. Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni
7. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum
8. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
9. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
10. Ég á auðvelt með að skilja einkunnabók áfangans
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?
12. Hvaða einkunn gefur þú áfanganum á bilinu 1-10?
13. Hvað finnst þér best við áfangann?
14. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, samskipti, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
15. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ?

Spurning 10 var ný af nálinni. Að öðru leyti voru spurningarnar haustið 2024 þær sömu og vorið 2024, fyrir utan það að orðalagsbreytingar voru gerðar í spurningum fimm og sjö.

Dreifing í fjölda þátttakenda

Alls bárust svör frá nemendum í 82 áföngum af 88 (93%) sem er sama hlutfall og vorið 2024.




Breytingin frá árinu 2023 er sú að nú taka nemendur þátt í nær öllum áföngum og að jafnaði berast fleir svör en áður; árið 2023 bárust að jafnaði 0-1 svar úr hverjum áföngum en algengast að 2-5 svör bærust árið 2024. Það hefur skapað grundvöll til þess að birta kennurum flestra áfanga niðurstöður síns áfanga. Það var gert bæði vor og haust 2024.


Niðurstöður spurninga 1-10

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Allar spurningar voru á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög ósammála, frekar ósammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar sammála og mjög sammála. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.


Spurning 1: Áfanginn er vel skipulagður




Spurning 2: Námsáætlun áfangans er skýr




Spurning 3: Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar




Spurning 4: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr




Spurning 5: Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga




Spurning 6: Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni




Spurning 7: Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum




Spurning 8: Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni



Spurning 9: Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega



Spurning 10: Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans



Rýnt í niðurstöður spurninga 1-10.

Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru þeim, kemur í ljós að nemendur eru mest sammála því að námsáætlun áfangans sé skýr en síður sammála um endurgjöf og skilaboð frá kennurum.


Spurning	Sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	90%	4%	7%
Áfanginn er vel skipulagður	87%	4%	10%
Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans	85%	6%	9%
Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	81%	7%	13%
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	81%	5%	14%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	80%	9%	11%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	78%	16%	5%
Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga	74%	12%	13%
Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni	72%	14%	14%
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum	67%	19%	15%

Spurning 10 um sem var ný að nálinni og snýr að uppsetningu einkunnabókar kemur mjög vel út.

Niðurstöður spurningar 11

Að meðaltali gáfu nemendur áföngum sínum einkunnina 8,0 og var miðgildið 8,0 sem er mjög svipað og niðurstöður ársins 2023. 75% nemenda gáfu áföngum sínum einkunnina sjö eða hærra.


Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms haustið 2024



Niðurstöður spurningar 12

Nemendur gáfu kennurum sínum hærri einkunnir en áföngum. Meðaleinkunn kennara var 8,3 og miðgildið 9. 75% nemenda gaf kennurum sínum einkunnina sjö eða hærra.

Einkunnir sem nemendur gáfu kennurum sínum í kennslukönnun fjarnáms haustið 2024



Niðurstöður spurningar 13

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan námsefnið, kennarann, uppsetningu áfangans á Moodle, sveigjanleika og áminningar frá kennurum. Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör

- *Kennarinn, X, finnst mér standa mest út ef ég þyrfti að hrósa áfanganum því hann sýnir okkur mikinn skilning og er mjög duglegur að senda inn hvatningu í gegnum moodle*
- *Magn skilaverkefna, alls ekki of lítið og ekki of mikið.*
- *Mér fannst hann vel skipulagður og auðvitað því þetta er stærðfræði þá fæ ég einkunn úr öllum kaflaprófum og slíku strax. Flestar útskýringar voru góðar hjálplegar.*

Niðurstöður spurningar 14


Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle og endurgjöf kennarans.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:

- *Setja betri útskýringar með hvaða verkefni við eigum að gera og hvar þau eru staðsett. Mér fannst bara ruglandi að hafa svona margar möppur og fullt af verkefnum sem var ekkert sagt hvar maður átti að vinna þau hvort sem það var í word eða öðru.*
- *hann er mjög leingi að svara til baka skilaboðum og er ekki fljótur að skila verkefnum til baka*
- *Væri gott að haf betri verkefnalýsingar, stundum fattaði ég ekki alveg hvað ég ætti að skrifa eða hversu langan texta eða hvernig ég ætti að setja verkefnin upp.*


Niðurstöður spurningar 15

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda var ekki í öðru nám en fjarnámi við FÁ eða 63%. Rúmlega 20% var í einhvers konar framhaldsskólanámi í FÁ, öðrum skóla eða iðnnámi og rúmlega 10% í grunnskóla.



Þessi niðurstaða er dæmigerð fyrir þessa spurningu og gott að vita til þess að fjarnámið höfðar til nemenda sem ekki eru í öðru námi.

Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur skráðu sig í



Myndin hér að ofan sýnir fjölda áfanga sem nemendur skráðu sig í í fjarnámi. Tæplega 75% nemenda skráðu sig í 1-2 áfanga eins og á vorönninni. Þetta er í takti við niðurstöður fyrri kannana.

Lokaorð

Þáttakan í kennslumati vor og haust árið 2024 var mun betri en árið 2023. Það verður verðugt verkefni fyrir skólann að hækka þátttökuhlutfallið á árinu 2025 en skólinn hefur sett þátttökuhlutfall mælt út frá skráningum og svörum sem mælikvarða í þriggja ára áætlun stofnunarinnar sem skólinn skilar á hverju hausti.

Nemendur gefa fjarnámsáföngum skólans góða einkunn eins og fyrri annir. Þeir eru ánægðastir með skipulagið og námsáætlun en síður með skilaboð og endurgjöf frá kennurum.

Reykjavík í janúar 2025

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri